

Fundarstaður: Varmárskóli – fundarherbergi e.d.

Fundardagur: Þriðjudagur 4. mars 2020

Fundartími: 8:15 – 9:25

Fundar meðlimir: Þórhildur Elfarsdóttir og Anna Greta Ólafsdóttir skólastjórar, Jón Ragnars og Málfríður Jörgensen fulltrúar foreldra, Agnes Jónsdóttir og Ásta Benediktsdóttir fulltrúar kennara, Ágústa Ragnarsdóttir fulltrúi starfsfólks og Hrafnhildur Gísladóttir fulltrúi grenndarsamfélag, boðuðu forföll. Fulltrúar nemenda voru ekki innanhúss á fundartímanum.

Dagskrá:

1) Umbótaáætlun

Áætlunin lögð fram til kynningar
Umræður og spurningar um áætlunina.
Fulltrúar foreldra lögðu fram bókun varðandi lið 1.9,

Bókun foreldra: Fulltrúar foreldra leggja fram eftirfarandi bókun á fundi skólaráðs 4. mars 2020 vegna kynninga skólastjórnenda á Umbótaáætlun Varmárskóla í kjölfar ytra mats Menntamálastofnunar í desember 2019.

Umbótaþáttur 1.9

Mikilvægt er að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að bættum samskiptum í skólasamfélaginu og byggja upp traust á milli allra hagsmunaaðila.

Bókun:

Ekkert kemur fram í umbótaáætlun stjórnenda um að fá eigi utanaðkomandi aðila til að vinna í samskiptamálum í skólasamfélaginu. Fulltrúar foreldra skora á skólastjórnendur að fara eftir ábendingu menntamálastofnunar og fá utanaðkomandi aðila til að vinna að bættum samskiptum í skólasamfélaginu.

Rætt var um framkomna bókun Einnig kom fram að foreldrum fannst umbótaáætlunin óljós.

Þórhildur skólastjóri lagði til að þeir aðilar sem ættu í slæmum samskiptum myndu víkja til hliðar og að Anna Greta skólastjóri og nýtt fólk í stjórn foreldrafélagsins myndu sjá um samskiptin.

2) Viðhald

Skýrsla um Brúarland lögð fram til kynningar
Fulltrúar foreldra lýsa yfir áhyggjum af Brúarlandi sem kennsluhúsnæði
Umræður um húsnæðismál skólans á næsta skólaári.

3) Önnur mál

Rætt um fyrirhugað verkfall og áhrif þess á skólastarf.
Foreldrar ítrekuðu að beiðni þeirra um aukafundi í skólaráði væri enn til skoðunar hjá skólastjórnendum.
Rætt um Covid 19 veiruna, hvaða áhrif hún hefur á skólastarfið.

Fundi slitið kl. 9:20, fundargerð ritaði Þórhildur Elfarsdóttir